

Re: Verðkönnun: løjubraut og Lækjarhvammur - jarðvegsskipti

Til : Kristján Ingi Arnarsson <kristjan@dalir.is>;Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>
Frá : Þórunn Magnea Jónsdóttir <tota@kolur.is>
CC : Gunnbjörn Óli Jóhannsson <gunni@kolur.is>
Heiti : Re: Verðkönnun: løjubraut og Lækjarhvammur - jarðvegsskipti
Málsnúmer : 2202026
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 09.11.2022 12:55:56
Höfundur : Þórunn Magnea Jónsdóttir <tota@kolur.is>

Góðan daginn

Ég ætla fá að ítreka erindi mitt og óska eftir staðfestingu á móttöku og afstöðu ykkar.

On Thu, Oct 27, 2022 at 10:06 AM Þórunn Magnea Jónsdóttir <tota@kolur.is> wrote:

Góðan dag

Athugasemdir varðandi verðkannanir Dalabyggðar.

Að undanfögnu hefur borið á því að þegar Dalabyggð óskar eftir verðkönnun í verkefni þá skilagreina þau kaupin þannig að þau falli utan laga um opinber innkaup og/eða laga um framkvæmd útboða.

Það tel ég ekki vera rétt og vísa í lög um framkvæmd útboða.

Lög um framkvæmd útboða eru mjög skýr að þessu leyti að þau eiga að taka yfir þjónustu- og verkkaup sem þessi þegar litið er til 1. gr. laganna:

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda þegar útboði er beitt til þess að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila um verk, vöru eða þjónustu. Lög þessi gilda þó ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði.

Þar af leiðandi á 6. og 8. gr. við um allar slíkar verðkannanir Dalabyggðar sem kveður á um framkvæmd opunar:

Opnun tilboða.

6. gr.

Öll tilboð, sem gerð eru á grundvelli sama útboðsins, skal opna samtímis, á þeim stað og tíma sem kveðið var á um í auglýsingu eða sérstakri tilkynningu, sbr. þó 7. gr.

Þjóðendum eða fulltrúum þeirra skal heimilt að vera viðstaddir opnun tilboða.

8. gr.

Lesað skal upp nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboðs. Einnig skal lesað upp og skrá kostnaðaráætlun sé þess kostur. Gæta skal þess að lesað alltaf samsvarandi tölur frá öllum bjóðendum. Kaupandi og allir viðstaddir bjóðendur eða fulltrúar þeirra skulu undirrita fundargerð og skal þeim afhent afrit hennar óski þeir þess.

Ég sem bjóðandi (ef ég legg inn tilboð) á þ.a.l. rétt á að vera viðstaddur opnun tilboða þar sem skylt er að lesað upp öll nöfn bjóðenda og heildarupphæð tilboða þeirra. Til að tryggja sönnun þess að ég hafi verið viðstaddur opnunina á Dalabyggð að halda fundargerð í samræmi við þetta ákvæði og óska eftir undirritun minni á hana eftir að tilboð hafa verið opnuð og lesin upp. Dalabyggð er því skylt að bjóða öllum bjóðendum að vera viðstaddir en svo er það í höndum bjóðenda að ákveða hvort þeir þiggi það boð.

Ég vil áréttast að Dalabyggð fari eftir þessum lögum við verðkannanir framvegis.

--

--